

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/94/EB

2008/EES/22/31

frá 15. september 2004

## um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE að því er varðar IX. Viðauka (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 1. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvarða skal efni IX. viðauka við tilskipun 76/768/EBE þannig að þar sé hægt að skrá þær staðgönguáðferðir, sem koma í stað dýratilrauna, sem Evrópumíðstöð um fullgildingu staðgönguáðferða (ECVAM) hjá Sameiginlegu rannsóknarmíðstöðinni hefur fullgilt og sem eru ekki skráðar í V. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna.
- 2) Þar eð staðgönguáðferðir geta ekki alltaf komið að öllu leyti í stað dýratilrauna skal taka fram í IX. viðauka hvort staðgönguáðferðirnar komi að öllu leyti eða að hluta í stað dýratilrauna.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við þetta.
- 4) Eins og sakir standa hefur Evrópumíðstöð um fullgildingu nýrra áðferða ekki fullgilt aðrar áðferðir en þær sem eru skráðar í V. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Textanum í viðauka þessarar tilskipunar er bætt við í IX. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. september 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. september 2004.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Olli REHN

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 294, 17.9.2004, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 46, 15.9.2005, bls. 28.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/88/ESB (Stjtið. ESB L 287, 8.9.2004, bls. 5).

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/73/EB (Stjtið. ESB L 152, 30.4.2004, bls. 1).

## VIDAUKI

Eftirfarandi texti bætist við í IX. viðauka við tilskipun 76/768/EBE:

„IX. VIDAUKI

**SKRÁ YFIR FULLGILTAR STAÐGÖNGUAÐFERÐIR FYRIR DÝRATILRAUNIR**

Í þessum viðauka er skrá yfir staðgönguaðferðir, sem koma í stað dýratilrauna, sem Evrópumíðstöð um fullgildingu staðgönguaðferða hjá Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðinni hefur fullgilt og sem uppfylla kröfurnar í þessari tilskipun og eru ekki skráðar í V. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna Þar eð staðgönguaðferðir geta ekki alltaf komið að öllu leyti í stað dýratilrauna skal taka fram í IX. viðauka hvort staðgönguaðferðirnar komi að öllu leyti eða að hluta í stað dýratilrauna.

Tilvisunarnúmer	Fullgiltar staðgönguaðferðir	Kemur að öllu eða nokkru leyti í stað dýratilrauna
A	B	C“